

44.tbl.

15. des 2021

28.árg.

# Hlaupastelpan

*Gledileg jól!*



*Hlaupastelpan óskar lesendum og augfysendum nær og fjær  
Gledilegra jóla og farsældar og friðar á nýju ári.*

*Þakka góð samskipti líðinna ára .*

*Guð veri með ykkur öllum þessa hátíð.*

Hlaupastelpan kemur næst út þann

**12. janúar 2022**

Skilátími er sem áður fyrir kl. 15:00 á mánudegi fyrir útgáfudag.

Kærar kveðjur

Dagný Pétursdóttir

hlaupastelpan@isl.is/8953386



## Hátíðarguðspjónusta á Nýársdag

1.janúar 2022, Nýársdagur.

Hátíðaguðspjónusta í Skútustaðakirkju klukkan 14:00

Kór kirknanna sér um tónlistarflutning

Organisti og kórstjóri er Attila Szebik

*Sendum íbúum á skólasvæði Stórutjarnaskóla  
og öllum lesendum Hlaupastelpunnar óskir um  
gleðileg jól og farsæld á nýju ári.*



*Kærar þakkið fyrir öll liðnu árin.*

*Jólaþveðja, Tolla og Óli*



*Bestu óskir um gleðileg jól og farsælt  
komandi ár, þakka liðið.*

*Með þveðju frá Guðríði á Veturlíðastöðum.*

*Jólaþveðja*

*Sendum ættingjum og vinum okkar bestu jóla  
og nýársóskir með þökk fyrir hlýhug og  
vináttu á liðnum árum.*



*Inga og Þórhallur Kambsstöðum*

## Fundargerð

### 310. fundur sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar haldinn í Seiglu, fimmtudaginn 9. desember 2021, kl. 13:00.

#### Fundinn sátu:

Arnór Benónýsson, Margrét Bjarnadóttir, Árni Pétur Hilmarsson, Jóna Björg Hlöðversadóttir, Ásvaldur Evar Þormóðsson, Sigurbjörn Árni Arngrímsson, Sigríður Hlynur Helguson Snæbjörnsson og Dagbjört Jónsdóttir.

**Fundargerð ritaði:** Dagbjört Jónsdóttir, sveitarstjóri.

#### Dagskrá:

##### 1. Fornleifaskráning á Flateyjardal og í Náttfaravíkum - 2101013

Lagt fram bréf frá Kristborgu Þórisdóttur fornleifafræðingi hjá Fornleifastofnun Íslands, dags. 7.12.2021. Erindi Kristborgar er að kanna áhuga sveitarstjórnar á því að styrkja að hluta ítarlega fornleifaskráningu á Flateyjardal og í Náttfaravíkum. Um er að ræða tveggja ára verkefni þar sem sótt er um í Fornminjasjóð með mótframlagi sveitarfélagsins að upphæð 2 m.kr.

*Sveitarstjórn samþykkir samhljóða styrk til verkefnisins með þeim fyrirvara að styrkur fái st. úr Fornminjasjóði.*

##### 2. Gjaldskrár 2022 - 2111017

Gjaldskrár 2022 teknar til síðari umræðu og lagðar fram til samþykktar. Engar gjaldskrár hækka umfram verðlagshækkun sem er samkvæmt Þjóðhagsspá Hagstofu Íslands og minnisblaði Sambands íslenskra sveitarfélaga um forsendur fjárhagsáætlunar 2022-2025 dags. 1. desember 2021 sem er um 3%.

*Framlagðar gjaldskrár Þingeyjarsveitar 2021 samþykktar samhljóða. Gjaldskrár 2021 verða aðgengilegar á heimasíðu sveitarfélagsins að fundi loknum.*

##### 3. Viðauki við fjárhagsáætlun 2021 - 2106003

Lagðir fram tveir viðaukar við fjárhagsáætlun 2021.

Viðauki nr. 3: Viðskiptakröfur aðalsjóðs á veitustofnanir að fjárhæð 26.964 þús. kr. breytt í langtímakröfu. Afborgun ársins nemur 1.130 þús.kr. og vextir 581 þús.kr.

Viðauki nr. 4: Kaup á fasteign, húsnæði Matarskemunnar á Laugum að fjárhæð 23 m.kr. sem er liður í innviðaupbyggingu sveitarfélagsins sem mætt verður með lán-töku.

*Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirleggjandi viðauka við fjárhagsáætlun 2021.*

##### 4. Fjárhagsáætlun 2022-2025: Seinni umræða - 2109005

Fjárhagsáætlun Þingeyjarsveitar 2022-2025 lögð fram til síðari umræðu og afgreiðslu með þeim breytingum sem hafa verið gerðar á milli umræðna. Sveitarstjóri gerði grein fyrir áætluninni ásamt skrifstofustjóra sem sat fundinn undir þessum lið. Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2022 eru heildartekjur A og B hluta 1.456 m.kr. sem er 238 m.kr. hærra en gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun fyrir árið 2021. Gert er ráð fyrir hærri útsvarstekjum árið 2022 en þær voru varlega áætlaðar árið 2021, en ljóst að þær verða hærri en áætlun gerði ráð fyrir. Einnig er gert ráð fyrir hærri fram-lögum úr Jöfnunarsjóði í áætlun fyrir árið 2022 vegna sameiningar við Skútustaða-hrepp sem áætlað er að nemi 119 m.kr. á næsta ári.

Rekstrargjöld A og B hluta árið 2022 eru áætluð 1.314 m.kr. sem er hækkun um 67 m.kr. miðað við fjárhagsáætlun 2021. Þar ber helst að nefna almenna verðlags-hækkun á þjónustu og þegar umsamdar launahækkanir.

Rekstrarniðurstæða A og B hluta eftir afskriftir er áætlaður 50 m.kr. fyrir árið 2022 og er mikill viðsnúningur frá fyrra ári þar sem gert var ráð fyrir rekstrarhalla uppá 116,8 m.kr.

Áætlaðar fjárfestingar A og B hluta nema 178 m.kr. á árinu 2022 og lántaka til fjárfestinga samtals 140 m.kr.

Helstu fjárfestingar eru bygging hjúkrunarheimilis á Húsavík, framkvæmdir í Seiglu vegna flutnings skrifstofu og malbikunarframkvæmdir og bílaplan við Þingeyjarskóla.

Í þriggja ára áætlun er gert ráð fyrir rekstrarafgangi öll árin og hóflegri lántöku þrátt fyrir töluverðar fjárfestingar öll fjögur árin. Um mitt næsta ár mun sveitarfélagið sameinast Skútustaðahreppi og fjárhagsáætlanir beggja sveitarfélaga renna saman í eina áætlun, þriggja ára áætlunin tekur því mið af sameiningu sveitarfélaganna og þeim tækifærum sem felast í henni.

*Framlögð fjárhagsáætlun Þingeyjarsveitar 2021-2025 samþykkt samhljóða.*

## **5. Skipulags- og umhverfisnefnd: Fundargerð - 1804018**

Lögð fram fundargerð 143. fundar Skipulags- og umhverfisnefndar frá 2.12.2021. Jóna Björg gerði grein fyrir fundargerðinni sem er í fjórum liðum.

2. liður fundargerðar; Beiðni um umsögn vegna áforma um aflaukningu Hólsvirkjunar - 2111020

*Sveitarstjórn tekur undir bókun skipulags- og umhverfisnefndar um að framkvæmdaraðili geri nægjanlega grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar og umhverfisáhrifum að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.*

*Sveitarstjórn felur skipulagsfulltrúa að veita umsögn til Skipulagsstofnunar.*

*Fundargerðin staðfest að öðru leyti.*

## **6. Félags- og menningarmálanefnd: Fundargerðir - 1804034**

Lögð fram fundargerð 68. fundar Félags- og menningarmálanefndar frá 7.12.2021. Sigríður Hlynur gerði grein fyrir fundargerðinni sem er í þremur liðum.

*Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina.*

## **7. Húsnæðisáætlun Þingeyjarsveitar 2019-2026: Uppfærsla - 1904020**

Tekið fyrir erindi varðandi uppfærslu húsnæðisáætlunar Þingeyjarsveitar. Húsnæðis og mannvirkjastofnun hefur komið því á að húsnæðisáætlanir sveitarfélaganna verði stafrænar og á stöðluðu formi frá og með 2022. Því er unnið að uppfærslu húsnæðisáætlunar Þingeyjarsveitar sem var samþykkt í sveitarstjórn 14.mai 2020.

*Uppfærslu framhaldið í samræmi við umræður á fundinum.*

## **8. Breytingar á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 og gerð deiliskipulags vegna Einbúavirkjunar: Erindi - 1908034**

Tekið fyrir öðru sinni erindi frá Hilmarí Ágústssyni, dags. 6.09.2021 þar sem hann ítrekar ósk sína um breytingu á aðalskipulagi og heimild til að vinna deiliskipulag. Erindið var lagt fram í sveitarstjórn 29. september s.l. og vísaði sveitarstjórn þá til fyrri bókunar sinnar frá 11.02.2021 þar sem samþykkt var að vísa tillögunni til heildarendurskoðunar á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022.

*Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar áréttar sjónarmið er liggja til grundvallar stefnumótun sem unnið er að á vettvangi sveitarfélagsins um hagnýtingu til framtíðar á landgæðum við Skjálfandafljóti. Í þeirri vinnu hafa þau sjónarmið mikið vægi að bygging og rekstur vatnsaflsvirkjana í Skjálfandafljóti teljist ekki til æskilegrar landnýtingar við fljótið, sbr. kafli 4.1 í gildandi aðalskipulagi 2010-2022.*

*Sveitarstjórn ákvað á fundi sínum þann 11. febrúar sl. að setja erindi Einbúavirkjunar ehf. í farveg heildarendurskoðunar á aðalskipulagi sem fram fer á grundvelli laga og að teknu tilliti til fyrrgreindra sjónarmiða. Niðurstaða heildarendurskoðunar kemur til afgreiðslu sveitarstjórnar og verður þá kynnt aðilum máls lögum samkvæmt.*

*Ásvaldur Ævar Þormóðsson sat hjá við afgreiðslu málsins.*

## **9. Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra: Breyting á samþykkt nr. 463/2002 um**



## **umgengni og þrifnað utan húss - 2112006**

Fyrir liggur breyting á samþykkt nr. 463/2002 um umgengni og þrifnað utanhúss á starfssvæði heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra. Breytingin er þess efnis að geymslutími skv. 6. gr. verði styttr úr 45 dögum í 30 daga. Óskað er eftir formlegu svari allra sveitarstjórna á starfssvæði heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra á því hvort sveitarstjórnir sé samþykkar umræddri breytingartillögu. Eftir breytingu er orðalag samþykktarinnar eftirfarandi:

6. gr. samþykktarinnar  
Heilbrigðisnefnd er heimilt að fjarlægja skráningarskyld ökutæki án skráningarmerkja, tæki, kerrur, vinnuvélar, báta og aðra lausamuni og drasl á kostnað og ábyrgð eiganda að undan-genginni viðvörun, t.d. með álimingarmiða eða ábyrgðarbréfi þar sem eiganda/ábyrgðarmanni skal almennt veittur 7 daga frestur til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri eða bregðast við tilmælum. Telji heilbrigðisfulltrúi svo alvarlega hættu stafa af geymslu hlutar eða tækis að aðgerð þoli enga bið er heimilt að fjarlægja slíka hluti eða tæki án viðvörunar. Bilflökum og öðrum verðlausum hlutum er heimilt að farga strax að loknum fresti sem veittur er samkvæmt 1. málsl., enda hafi þá engin andmæli borist. Skráningarskyld ökutæki án skráningarmerkja og aðrir hlutir og verðmæti sem eru fjarlægð að loknum fresti skulu geymd í vörslu viðkomandi sveitarfélags í 30 daga og síðan fargað hafi eigandi ekki vitjað eigna sinna og leyst út gegn greiðslu áfallins kostnaðar (svo sem dráttar- og geymslugjöld). Heilbrigðisnefnd skal reyna til þrautar að kanna eignarhald og koma tilkynningu með sannarlegum hætti til eiganda. Liggi fyrir skráningarmerki, vélarúmer eða annað sambærilegt skal eiganda tilkynnt um förgunina með tryggilegum hætti með a.m.k. 15 daga fyrirvara. Þá skal viðkomandi sýslumanni og eftir atvikum bifreiðaskrá og veðhöfum (sé um þá kunnugt) gert viðvart um förgunina með 15 daga fyrirvara. Áfallinn kostnað vegna töku og geymslu skráningarskyldra ökutækja án skráningarmerkja og annarra hluta er heimilt að innheimta hjá eigendum samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Heimilt er að selja nýtilega hluti úr bifreiðum og annað nýtilegt sem er tekið í vörslu og ekki leyst út samkvæmt framansögðu til að mæta kostnaði vegna töku og geymslu.

Samþykkt þessi, sem er samin af Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra og samþykkt af sveitarstjórnunum á svæðinu, er sett samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 8. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, sbr. ákvæði 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, og öðlast þegar gildi.

*Sveitarstjórn samþykkir samhljóða umrædda breytingartillögu.*

## **10. Fjárhagsáætlun 2022-2025 og viðaukar við fjárhagsáætlun 2021 í Skútustaðahreppi - 2112005**

Lögð fram fjárhagsáætlun Skútustaðahrepps 2022-2025, sem samþykkt var í sveitarstjórn Skútustaðahrepps þann 8.12.2021, ásamt viðaukum við fjárhagsáætlun Skútustaðahrepps 2021.

*Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar samþykkir fyrir sitt leyti, sbr. 121. gr. sveitarstjórnarlaga, fyrir-liggjandi fjárhagsáætlun Skútustaðahrepps 2022-2025 sem og viðauka við fjárhagsáætlun Skútustaðahrepps 2021.*

## **11. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð - 1804006**

Fundargerð 903. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.  
*Lögð fram til kynningar.*

## **12. Héraðsnefnd Þingeyinga: Fundargerð - 1804023**

Fundargerð 14. fundar fulltrúaráðs Héraðsnefndar Þingeyinga bs.  
*Lögð fram til kynningar.*

## **13. Undirbúningsstjórn vegna sameiningar: Fundargerð - 2109007**

Fundargerð 4. fundar undirbúningsstjórnar sameiningar.  
*Lögð fram til kynningar.*

Í lok fundar þakkaði oddviti fundarmönnum fyrir samstarfið á árinu sem er að líða og óskaði þeim gleðilegra jóla.

Fundi slitið kl. 16:30.



## Laufásprestakall

Helgihald í Lundarbrekkusókn, Ljósavatnssókn og Hálssókn yfir hátíðirnar:

25. des kl. 11.00 - Lundarbrekkukirkja. Jólaguðsfjónusta með almennum safnaðarsöng.  
25. des kl. 14.00 - Þorgeirskirkja. Hátíðarguðsfjónusta jóla.  
25. des kl. 16.00 - Hálskirkja. Jólaguðsfjónusta með almennum safnaðarsöng.  
02. janúar kl. 14.00 - Draflastadakirkja. Nýársmessu með almennum safnaðarsöng.

Mikilvægt er að minna á grímuskýldu og fjöldatakmörkanir, og fólki er beðið um að spritta sig.

Gleðilega hátíð

Sr. Gunnar Einar Steingrímsson

## Jarðböðin auglýsa

Opnunartími Jarðbaðanna yfir hátíðarnar er eftirfarandi:

24. og 25. desember 11:00 – 14:00  
26. desember 12:00 – 16:00  
27. – 30. desember 14:00 – 20:00  
31. desember 11:00 – 14:00  
1. janúar LOKAÐ.



Allar upplýsingar um gjafabréf og aðgangskort er að finna á heimasíðunni okkar, [www.jardbodin.is](http://www.jardbodin.is) – upplifun er besta gjöfin.

kær kveðja úr Jarðböðunum



## Helgihald um jól í Grenjadarstaðarprestakalli

25. des. Hátíðamessa Einarstöðum kfl. 14:00

25. des. Hátíðamessa Grenjadarstað kfl. 16:00

26. des. Hátíðamessa Nesi kfl. 14:00

26. des. Hátíðamessa Þóroddsstað kfl. 14:00

Prestur á Þóroddsstað: Séra Örnólfur J. Ólafsson

Fari svo að samkomutakmarkanir verði ekki rýmkaðar fyrir jól er ætlunin að telja inn í kirkjurnar og útvarpa svipað og gert hefur verið við jarðarfarir komist ekki allir kirkjugestir inn.

Guð gefi ykkur öllum gleðileg jól.

Séra Þorgrímur.



Velferðasjóður Þingeyinga vill þakka fyrir styrki og velvild í garð sjóðsins, styrki frá fyrirtækjum, félagasamtökum og einstaklingum, sem hafa haldið sjóðnum gangandi. Velvilji ykkar er ómetanlegur!

Við söfnum umsóknum um aðstoð í janúar, frá og með **20. desember**. Allir sem búa í Þingeyjarsýslu, norður og suður, geta sótt um styrk. Úthlutanir eru alfarið í formi matarkorta sem nota má í Nettóverslunum.

Best er að senda umsóknir á: [rkihusavik@simnet.is](mailto:rkihusavik@simnet.is)

Allt fé sem inn kemur rennur til að aðstoða nauðstadda hér á okkar svæði.

Bankareikningur okkar er 1110-05-402610

Kennitala er 600410-0670

Bestu jólaveðjur og fyrirfram þakklæti fyrir stuðninginn og velvild við sjóðinn.

Velferðasjóður Þingeyinga.



## Stórutjarnaskóli í Þingeyjarsveit auglýsir eftir kennara í fullt starf sem:

- ber virðingu fyrir börnum og hefur áhuga á að starfa með þeim
- hefur góða samskiptahæfni og metnað til að takast á við fjölbreytt verkefni
- getur meðal annars kennt dönsku og íslensku á unglingastigi
- er sveigjanlegur
- er sjálfstæður í vinnubrögðum og sýni frumkvæði
- er samstarfsfús og lausnamiðaður

Stórutjarnaskóli stendur í Ljósavatnsskarði og er samrekin leik- grunn- og tónlistaskóli með um 45 nemendur frá eins árs til 16 ára aldurs. Öll starfsemi skólans er í sama húsnæði. Skólinn er Grænfánaskóli og Heilsueflandiskóli og leggur áherslu á að búa nemendum og starfsfólki fjölbreytt leik- náms- og starfsumhverfi sem eflir alhliða heilsu og þroska. Mikið samstarf er milli námshópa innan skólans og er skólinn í góðu samstarfi við nágrannaskóla sína og samfélagið í sveitinni. Þá tekur Stórutjarnaskóli þátt í þróunarstarfi með skólum erlendis.

Staðan er laus frá og með 1. janúar 2022

Umsóknarfrestur er til 20. desember 2021

Áhugasamir eru hvattir til að hafa samband í síma 4643220/8483547 eða í gegnum netfangið [birnada@storutjarnaskoli.is](mailto:birnada@storutjarnaskoli.is)

Umsóknir skulu sendar á netfangið [birnada@storutjarnaskoli.is](mailto:birnada@storutjarnaskoli.is)  
Með umsókn þarf að fylgja ferilskrá og afrit af leyfisbréfi



### Þakkir til þín

Enn og aftur hafa íþrótt- og æskulýðsfélög þurft að skerða starf sitt á árinu vegna áhrifa covid-19 á samfélagið. Æfingar og mót hafa verið felld niður með tilheyrandi kostnaði fyrir alla aðila, hvort sem það er fjárhagslegur kostnaður fyrir félögin eða félagslegur kostnaður fyrir iðkendur og aðstandendur.

Að taka þátt í félagsstarfi íþróttafélaga er í senn krefjandi og gefandi. Við hvetjum iðkendur til áframhaldandi þátttöku því forvarnargildi íþróttar er margfalt, hvort sem er fyrir líkamlega, andlega eða félagslega heilsu. Við þjálfara, sjálfboðaliða og aðra þá sem standa við bakið á starfinu viljum við segja TAKK með óskum að þátttaka ykkar verði öðrum hvatning til þess að taka þátt í skemmtilegri hreyfingu.

## Héradssamband Þingeyinga

Sendir Þingeyingum öllum hlýjar íþrótt- og jólakveðjur

Með ósk um gróskumikið starf á nýju ári og þakklæti til þeirra sem taka þátt í íþróttahreyfingunni



## FLUGELDAMARKAÐUR 2021 Hjálparveit skáta Aðaldal

Verður með sinn árlega flugeldamarkað  
í húsnæði sínu að Iðjugerði 1  
(norðan við Ýdali).

Miðvikudaginn 29. des 14:00 - 21:30 og

Fimmtudaginn 30. des 14:00 - 21:30.

Lokað á Gamlársdag

Sóttvarnir viðhafðar samkv tilmælum.

Flugeldasímar: 8695776 – Arnar og 849 8966 - Knútur

Okkar styrkur er ykkar hagar.

Meira á facebook/Hjálparveit Skáta Aðaldal

## Flugeldasala Bjsv Þingey 2021.

Verður í húsi sveitarinnar Melgötu 9 eins og síðustu ár  
Úrvalið sennilega aldrei verið meira. Hægt verður að kaupa „Skjótum  
rótum“ á sölustað okkar, svo allir ættu að geta fengið eitthvað við sitt  
hæfi. Heitt verður á könnunni og, allir velkomnir og hlökkum við til að  
sjá sem flesta. **Við verðum klárir!**

Vegna ástandsins í samfélaginu þá viljum við að fólk virði fjöldatak-  
markanir á sölustað og sýni þolinmæði, 1 metra reglan gildir og grímu-  
skylda, Við ætlum að bjóða upp á að hægt verði að panta fyrirfram. Þá  
tökum til ykkar þöntun og þið getið sótt á sölustað. Verðum með  
Posa..

### **Þöntunarsímar**

8569669- Steinar Karl-      8662015- Huldar Trausti  
8669737-Kalli

### **Opnunartímar.**

28.des. 17:00-21:00  
29.des. 12:00-21:00  
30.des. 12:00-22:00  
31.des. 10:00-14:00

## **Kæru viðskiptavinir!**

Um leið og Darri ehf á Grenivík þakkar  
kærlega fyrir viðskipti liðinna ára, þá  
tilkynnist hér með, vegna breyttra aðstæðna  
í samfélaginu, að þetta sinnið verður ekki  
ekið heim í hvert bæjarhlað.

Þess í stað mun afgreitt úr sölubifreið Darra  
á eftirtöldum stöðum:

**Á bílastæðinu við Fosshól laugardaginn 15. jan. 2022 kl. 11 – 17.**

**Á bílastæðinu við Ýdali sunnudaginn 16. jan. kl. 11 – 17.**

### **Nánar auglýst síðar.**

Með von um að íbúar geti nýtt sér þessa breyttu tilhögun.

*Með bestu jóla- og nýársósökum,*

*Darri ehf. Grenivík,*



*Jólaþveðja úr Jarðböðunum*

*Við óskum ykkur öllum gleðilegra jóla og gæfuríks  
komandi árs. Þökkum innilega alla samveruna á  
árinu sem er að líða, við hlökkum til að bæta í  
samverusafnið á því nýja.*



*Hljýjar aðventukveðjur frá starfsfólkinu  
í Jarðböðunum við Mývatn.*

*Kæru Mývetningar, nærsveitungar,  
ættingjar og vinir.*

*Við óskum ykkur gleðilegra jóla og farsældar á  
komandi ári. Þökkum samstarf og samveru-  
stundir á liðandi ári. Megi gæfa og gleði  
ávallt fylgja ykkur, Kærar kveðjur*



*Mýflug hf, Leifur og Gunna*



*Þingeyjarsveit óskar starfsfólki sínu  
og íbúum sveitarfélagsins gleðilegra jóla og  
farsældar á komandi ári með þökk fyrir gott  
samstarf og samskipti á árinu sem er að líða.*



*Sendi sveitungum mínum, ættingjum og vinum hugheilar  
jóla-og nýársóskir með kærri þökk fyrir liðin ár.*

*Atli á Ingjaldsstöðum*

*Jólaþveðja úr Lækjamóti*

*Kæru sveitungar, ættingjar og vinir  
Við óskum ykkar gleðilegra jóla, farsæld og  
gæfu á komandi ári með  
kærri þökk fyrir hlýhug og vináttu á liðnu ári.*



*Siggi, Gerða, Tóta, Veiga.*



*Sendum ættingjum okkar og vinum  
innilegar jóla og nýársþveðjur*

*Þökkum liðið*

*Halldór og Elínborg, Byrgisholti.*





## Guðspjónusta á jólum í Mývatnssveit!

25. desember, Jóladagur.

Sameiginleg hátíðarguðspjónusta sóknanna

í Reykjahlíðarkirkju klukkan 11:00

Sameinaður kór kirknanna sér um tónlistarflutning.

Organisti og kórstjóri Attila Szebik

*Verið velkomin og gleðileg jól*



**SPARISJÓÐUR**  
Suður-Þingeyinga

*Sparisjóður Suður-Þingeyinga*

*óskar Þingeyingum*

*og landsmönnum öllum gleðilegar jóla*

*og farsældar á nýju ári.*

*Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.*

**Á nýju ári verður opnunartími sparisjóðsins sem hér segir:**

Mánudagur – Fimmtudagur 10:00 - 16:00

Föstudagur 10:00 - 15:00

*Eftir sem áður verður svarað í síma frá klukkan 9:00.*

*Við hlökkum til að sjá ykkur á nýju ári!*





*Okkar bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár.  
Hafið þökk fyrir hlýhug og stuðning á árinu sem er að líða.  
Kær kveðja frá fjölskyldunni í Selá.*



*Sendum ættingjum og vinum nær og fjær  
hugheilar jóla -og nýárskveðjur.  
Þökkum vináttu og hlýhug á árinu sem er að  
líða.*

*Kærar jólakveðjur  
Elly, Þórir, Dagný,  
Pétur Rósberg og Elvar Logi, Öxará*

*Ég óska ættingjum og vinum gleðilegra jóla og  
farsældar á nýju ári.  
Þakka fyrir hlýhug síðastlíðinn vetur,  
sérstakar þakki til Hreimsmanna*



*Með bestu kveðju  
Baldur í Ystahvammi*



# DALAKOFINN

**Skötuþlaðborð** verður í hádeginu á Þorláksmessu eins og venjulega og kostar **2500 kr.** á mann. Síðasti skráningardagur er 21. desember og fer skráning fram í síma 464-3344 eða á netfanginu [dalakofinn@dalakofinn.is](mailto:dalakofinn@dalakofinn.is).

Opnunartími okkar yfir hátíðirnar er þannig:

Þorláksmessa:	<b>9 - 20</b>	27.-30. des.	<b>10 - 18</b>
Aðfangadagur:	<b>10 - 12</b>	Gamlársdagur:	<b>10 - 12</b>
Jóladagur:	<b>Lokað</b>	Nýársdagur:	<b>Lokað</b>
Annar í jólum:	<b>Lokað</b>	2. janúar:	<b>Lokað</b>

3. janúar verður sama vetraropnun og verið hefur: virka daga **9 - 20**, laugardaga sunnudaga **11 - 20**. Eldhúsið opið til kl. **19.30**.

Vöruúrvalið okkar er fjölbreytt, mikið úrval af ferskum ávöxtum og grænmeti. Styðjum verslun í heimabyggð, við tökum vel á móti þér.

*Starfsfólk Dalakofans óskar öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári, með þökkum fyrir viðskiptin á árinu sem er að líða.*

**Dalakofinn / Útibú ehf – Í hátíðarskapi**

s. 464-3344 / [dalakofinn.is](http://dalakofinn.is)

*Við óskum öllum nær og fjær gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári. Kærar þakkir fyrir árið sem er að líða og góðar kveðjur til ykkar!*

*Örnólfur, Fríða, Dóróthea og Ólöf*



*Kæru sveitungar, ættingjar og vinir*

*Við óskum ykkur gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.*

*Þökkum liðnar stundir*

*Grímur og Villi á Rauða.*



*Sendi ættingjum og vinum  
Mínar bestu jóla-og nýárskveðjur  
Með farsæld á nýju ári*

*Gígja, Stórutjörnum*